



Fundur í sveitarstjórn

43. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn mánudaginn 29. febrúar 2016 og hófst kl 12:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson, Karl Ásberg Steinsson, Steinunn Leósdóttir, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Trúnaðarfundur – Atvinnumál

Fundi lokað og trúnaðarfundur settur.

2. Finnafjörður – viljayfirlýsing

Meirihluti lagði fram eftirfarandi greinargerð.

Í máli þeirra kom fram að þann 11. febrúar sl. voru kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn Langanesbyggðar sendar tillögur að breytingum á fyrirliggjandi drögum að viljayfirlýsingu Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Ríkisins, Verkfræðistofunnar EFLU og bremenport GmbH & Co. KG, vegna svokallaðs Finnafjarðarverkefnis. Var um að ræða sameiginlegar breytingartillögur sveitarfélaganna Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps sem fulltrúar og lögmenn Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps höfðu unnið. Markmið tillagnana var að tryggja hagsmuni sveitarfélagsins í hvítvetna, þannig að ekki fælust í viljayfirlýsingunni fjárskuldbindingar fyrir sveitarfélögin sem hvorki var heimild fyrir í lögum að takast á herðar né lá ljóst fyrir hverjar þær væru.

Breytingartillögurnar voru unnar af lögfræðingum beggja sveitarfélaga. Þann 18. febrúar sl. var haldinn vinnufundur sveitarstjórnarinnar í Langanesbyggð, þar sem annar lögfræðinga sveitarfélaganna fór yfir tillögurnar og skýrði efni þeirra fyrir sveitarstjórnarmönnum. Þann 11 febrúar var öllum kjörnum fulltrúum send tillaga að breyttri viljayfirlýsingu á tungumáli verkefnisins, ensku. Þann 15. var kjörnum fulltrúum send þýdd útgáfa af breytingartillögunum. Þann 16. var aðalmönnum í sveitarstjórn send ítagögn og óskað eftir skriflegum spurningum, athugasemdum og/eða ábendingum fyrir eða á fundinum. Engar spurningar, athugasemdir né ábendingar bárust fyrir eða á fundinum.

Þann 18. febrúar sl. samþykkti sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps umræddar breytingartillögur.

Á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 25. febrúar lá fyrir að



LANGANESBYGGÐ

Vopnafjarðarhreppur, bremenport og EFLA höfðu öll samþykkt breytingartillögur sveitarstjórnanna, að undanskildu því að bremenport hafði óskað smávægilegra viðbóta sem, að ráði lögfræðinga, voru samþykktar.

Á fundi sveitarstjórnar þann 25. febrúar sl. óskaði U-listinn eftir svigrúmi til að koma fram með efnislegar athugasemdir, spurningar og/eða ábendingar vegna breytinganna. Var orðið við þeirri ósk. Þann 28. febrúar sl. barst meirihluta sveitarstjórnar bréf frá U-lista með athugasemdum og spurningum. Í bréfinu var enn fremur ítrekuð sú afstaða listans að ekki væri ástæða til að gera breytingar á viljayfirlýsingunni, eins og hún stóð áður. Sveitarstjóri framsendi bréf U-listans á lögfræðinga sveitarfélaganna og samstarfshóp sveitarfélaganna.

Svar hefur borist frá lögfræðingum sveitarfélaganna þar sem breytingar á viljayfirlýsingunni eru skýrðar frekar og öllum spurningum U-lista svarað.

Með vísan til þessa ítrekar meirihluti sveitarstjórnar Langanesbyggðar mikilvægi þess að umræddar breytingar á viljayfirlýsingu verði samþykktar óbreyttar.

U-listinn biður um fundarhlé kl. 14:09. Samþykkt.

Fundur settur aftur kl. 14:32.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir fyrirliggjandi viljayfirlýsingu, vegna svokallaðs Finnafjarðarverkefnis.

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra því fullt umboð til að undirrita viljayfirlýsinguna f.h. sveitarfélagsins, eins og hún liggur nú fyrir.

Reynir Atli, Hulda Kristín, Þorsteinn Ægir og Þorsteinn Vilberg samþykkja.

U-listinn gerir grein fyrir atkvæðum sínum.

Þær tillögur að breytingum á viljayfirlýsingunni (ekki samningur) sem lagðar hafa verið fram eru að stærstu hluta orðalagsbreytingar sem skipta engu máli, þó eru nokkur atriði sem geta skipt máli og eru til hins verra að okkar mati út frá hagsmunum sveitarfélagsins.

Við ítrekum bókun okkar frá því í janúar síðastliðinn þar sem U-listinn lýsti sig reiðubúinn að samþykkja strax viljayfirlýsingu sem lögð var fram í desember 2015 með einni viðbót.

Viljayfirlýsing frá því í desember 2015 sem var yfirfarinn af lögfræðingum sveitarfélagsins og samþykkt af öllum samstarfsaðilum sveitarfélaganna sem eru bremenports, Verkfræðistofan EFLA og íslenska ríkið. Með því að samþykkja hana með einni breytingu hefði verið hægt að klára málið hratt og vel og án frekari kostnaðarauka fyrir sveitarfélagið.

Viljayfirlýsingin eins og hún var lögð fyrir í desember hefði ekki kallað á meiri fjárskuldbindingar við verkefnið fyrir Langanesbyggð heldur en sú viljayfirlýsing sem er núna lögð fram.

Við vísam í bókunir frá U-listanum á fundum sveitarstjórnar í janúar og febrúar 2016 sem skýrir vel okkar afstöðu og ferlið við gerð viljayfirlýsingarinnar.



LANGANESBYGGÐ

Núverandi meirihluti fór fram á það á fundi sveitarstjórnar þann 25. febrúar að U-listinn myndi samþykkja breytta viljayfirlýsingu án þess að hafa fengið hana afhenta fyrir fundinn og þar af leiðandi gat hann ekki tekið efnislega afstöðu til hennar og því samþykktum við það ekki. bremenports óskaði eftir nokkrum breytingum á viljayfirlýsingunni sem U-listinn hafði ekki séð.

Við samþykkjum framlagða viljayfirlýsingu með orðalagsbreytingum sem orðnar eru til þess að framgangur þessa áhugaverða verkefnis fyrir okkar samfélag haldi áfram og það verði ekki fleiri óþarfa tafir á framgangi þess en þegar eru orðnar og hafa valdið óróleika hjá samstarfsaðilum okkar.

Siggeir, Steinunn og Karl Ásberg samþykkja.

Tillaga að bókun telst því réttilega samþykkt.

Meirihluti tekur 5 mín fundarhlé

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 14:43